



Aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkurborgar í málefnum fatlaðs fólks

Kynning fyrir öldungaráð Reykjavíkurborgar

Október 2023

Tómas Ingi Adolfsson



Lögbundið hlutverk

Aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkurborgar í málefnum fatlaðs fólks fer með verkefni samráðshóps um málefni fatlaðs fólks samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og notendaráðs fatlaðs fólks samkvæmt 8. gr. sömu laga.



Skipan

- Aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkur í málefnum fatlaðs fólks er skipuð níu fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara.
- ÖBÍ réttindasamtök tilnefna þrjá fulltrúa og þrjá til vara.
- Landssamtökin Þroskahjálp tilnefnir tvo fulltrúa og tvo til vara.
- NPA miðstöðin tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.
- Borgarstjórn kýs formann nefndarinnar en nefndin sjálf kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og borgarstjórnar.
- Starfsfólk nefndarinnar kemur frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu en velferðarsvið og umhverfis- og skipulagssvið hafa tengiliði við nefndina sem sitja fundi og undirbúningsfundi nefndarinnar.



Verkefni aðgengis- og samráðsnefndar

Aðgengis- og samráðsnefnd fer m.a. með eftirfarandi verkefni:

- Að allar byggingar í eigu Reykjavíkurborgar og annað húsnæði þar sem almenningur þarf að sækja þjónustu á vegum borgarinnar, svo og götur, gangstéttir og önnur opinber svæði í borgarlandinu, verði aðgengileg fötluðu fólki með mismunandi aðgengisþarfir. Aðgengis- og samráðsnefnd veitir árlega aðgengisviðurkenningu Reykjavíkurborgar.
- Að gera fötluðu fólki kleift að hafa áhrif á skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík. Nefndin skal vera ráðgefandi fyrir þjónustuveitendur sem koma að þjónustu fyrir fatlað fólk í Reykjavík. Aðgengis- og samráðsnefndin kemur að stefnumótun er varðar þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík og hefur frumkvæði að samráði um þjónustu við fatlað fólk í borginni.



Verkefnið frh.

- Nefndin á frumkvæði að og fær til umsagnar ýmis mál sem varða bætt aðgengi í húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar, í borgarlandinu sem og varðandi aðgengi að þjónustu borgarinnar.
- Framfylgir aðgerðaáætlun með aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarstjórn í maí 2022.
- Veitir umsagnir um stefnumótun og reglur sem varða þjónustu við fatlað fólk í borginni.
- Fulltrúar hagsmunasamtaka í nefndinni hafa einnig, sem notendaráð borgarinnar, veitt umsagnir um starfsleyfisumsóknir aðila sem veita/hyggjast veita þjónustu til fatlaðs fólks í borginni.



Samstarf við umhverfis- og skipulagssvið

- Á umhverfis- og skipulagssviði eru ca. 70 m.kr. á hverju ári ætlaðar í úrbætur í aðgengismálum.
- Aðgengis- og samráðsnefnd kemur að forgangsröðun verkefna og veitir umsagnir um útfærslur á aðgengisúrbótum sem fjármagnaðar eru með þessu fjármagni.
- Óskir um úrbætur í aðgengismálum berast nefndinni með ýmsum hætti. Oftast berast þær gegnum stjórnendur í borginni, t.d. fasteignastjóra, skólastjóra eða forstöðumenn sundlauga, til tengiliðar umhverfis- og skipulagssviðs við nefndina eða til starfsmanns nefndarinnar.
- Tengiliður umhverfis- og skipulagssviðs kynnir mál fyrir nefndinni, tekur við athugasemdum og kemur þeim áleiðis.
- Í mörgum tilfellum sérstaklega sem varða stærri mál koma einnig arkitektar eða aðrir sem koma að verkefninu á fund nefndarinnar, kynna verkefnið og taka við athugasemdum frá fulltrúum nefndarinnar.



Samstarf við velferðarsvið

- Velferðarsvið kynnir m.a. ný verkefni og stefnumótun fyrir nefndinni.
- Aðgengis- og samráðsnefnd gerir athugasemdir við og/eða veitir umsagnir um þau mál sem berast frá velferðarsviði.
- Tengiliður velferðarsviðs situr fundi nefndarinnar sem og undirbúningsfundi.



Reykjavík